

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/714
komudagur 9.1.2003



ÁFENGIS- OG
VÍMUVARNARÁÐ

Allsherjarnefnd Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. janúar 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, þskj. 40 – 40. mál 128. löggjafarþing 2002 - 2003.

Áfengis- og vímuvarnaráð þakkar allsherjarnefnd fyrir að fá ofangreinda þingsályktunartillögu til umsagnar.

Áfengis- og vímuvarnaráð styður þá tillögu að hækka hlutfall áfengisgjalds sem rennur í Forvarnasjóð.

Mikilvægi virks, heilbrigðs félags- og íþróttastarfs í aðgerðum til að berjast gegn notkun ávana- og fíkniefna, þroska félagsvitund og bæta andlegt og líkamlegt heilbrigði ungs fólks verður seint ofmetið. Áfengis- og vímuvarnaráð fagnar öllum tillögum sem snúa að því að efla félagslegt forvarnastarf og getur tekið undir æði margt sem kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni sem hér um ræðir. Ráðið tekur í fyrsta lagi undir að ástæða er „til að beina fjárstuðningi til verkefna í fámennum og fjárhagslega veikburða sveitarfélögum“. Í öðru lagi er sannarlega unnið mikilvægt starf við þær 70 félagsmiðstöðvar sem starfræktar eru víðs vegar um landið fyrir tiltölulega lítið fé og í þriðja lagi kallar hækkun á sjálfræðisaldri íslenskra unglinga á endurskoðun á málefnum þessa aldurshóps.


Áfengis- og vímuvarnaráð annast vörslu Forvarnasjóðs og í honum hafa undanfarin ár verið 70 – 80 milljónir kr. Ástæða er til að benda á að þessar upphæðir sem varið er til forvarna af opinberu fé eru mun lægri en þær sem varið er til meðferðar við áfengis- og vímuefnafíkn. Hluti af því fé fer til rekstrar ráðsins en megnið fer til fjölbreyttra verkefna á sviði áfengis- og vímuvarna samkvæmt lögum um gjald á áfengi nr. 96/1995 og lögum um áfengis- og vímuvarnaráð nr. 76/1998. Styrkjum úr sjóðnum er gjarnan varið til verkefna og starfs í sveitarfélögum á vegum félagsmiðstöðva, ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar, nemendafélaga, skáta, tómstundafélaga og trúfélaga. Stefnt hefur verið að því að efla frumkvæði til forvarnastarfs í hverju byggðarlagi því misjafnt er hvað hentar á hverjum stað og hvaða þekking, úrræði og fjárráð eru fyrir hendi. Hjá áfengis- og vímuvarnaráði hefur verið rætt um að æskilegt væri ef sveitarfélög, sem ekki hafa bolmagn til að standa að öflugu félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglinga í byggðarlaginu, hefðu aðgang að ákveðnu

fjármagni til að efla slíkt starf sem víðast. Viðbót við Forvarnasjóð eins og lögð er til í þingsályktunartillögunni gæti gert þetta mögulegt á fleiri en einn hátt.

Nýlega gerðu áfengis- og vímuvarnaráð og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um að efla áfengis- og vímuvarnir í sveitarfélögum landsins. Verkefnið snýst um að veita sveitarfélögum um allt land stuðning með ráðgjöf og upplýsingamiðlun um skipulag og framkvæmd forvarnastarfs gagnvart ungu fólki, m.a. á grundvelli þeirrar reynslu sem fékkst af framkvæmd áætlunarinnar *Ísland án eiturfylfja* og af grasrótastarfi í sveitarfélögum undanfarin ár. Verkefnisstjórn er skipuð tveimur fulltrúum tilnefndum af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tveimur til vara og einum fulltrúa tilnefndum af áfengis- og vímuvarnaráði og einum til vara. Fulltrúi áfengis- og vímuvarnaráðs er jafnframt formaður. Til verkefnisins verður varið 4,5 milljónum kr. af Forvarnasjóði og 1 milljón kr. frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga næstu 3 árin. Ljóst er að það fé er hvergi nærri nóg og standa vonir til að efla megi verkefnið með framlögum annars staðar frá.

Loks er rétt að benda á að starfshópur Sambands íslenskra sveitarfélaga um fíkniefnafræðslu og forvarnir skilaði af sér skýrslu og tillögum um fíkniefnafræðslu og forvarnir í grunn- og framhaldsskólum í maí á síðast liðnu ári. Sú skýrsla ásamt upplýsingum úr endurteknum á könnunum á lífsstíl ungs fólks í efstu bekkjum grunnskóla og mati á verkefnum eins og áætluninni *Ísland án eiturfylfja* og sveitarfélagaverkefni SÁÁ og heilbrigðisráðuneytisins munu vafalítið verða ómetanleg tæki til að vinna stefnumótun í framtíðarforvörnum út frá. Upplýsingar úr þessum rannsóknum er hægt að greina fyrir einstök sveitarfélög en þar sem slík vinnsla er kostnaðarsöm hafa mörg sveitarfélög ekki treyst sér til að kaupa hana.

Virðingarfyllst,


Áfengis- og vímuvarnaráð,
Þorgerður Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 28. janúar, 2003

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/904
komudagur 3.2.2003



ÞJÓÐKIRKJAN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Biskupsstofa
Laugavegi 31
150 Reykjavík

**Efni: umsögn um frumvarp til laga um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.
Þskj. 40 – 40. mál**

Biskupsstofa hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um eflingu félagslegs forvarnarstarfs þskj. 40 – 40. mál. Hér er mikilvægt frumvarp að ræða og átakið mjög þarft og gott. Hvort tveggja myndi úttektin á barna- og æskulýðsstarfi og auknar fjárveitingar til barna- og æskulýðsstarfs sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu verða æskulýðsstarfi mikil lyftistöng og bæta félagslegt forvarnarstarf.

Tekið er undir varðandi mikilvægi góðs samstarfs milli allra sem sinna áfengis- og vímuvarnarmálum. Miklir möguleikar felast í auknu samráði milli aðila sem sinna barna- og æskulýðsstarfi.

Í greinargerðinni með frumvarpinu er lítið fjallað um það fólk sem leiðir barna- og æskulýðsstarf. Það er ekki einungis mikilvægt að boðið sé upp á fjölbreytt og gott starf með börnum og unglíngum, með skýrum markmiðum og skipulagi. Einna mikilvægast í starfi með börnum og unglíngum er hæft og gott starfsfólk. Aðeins þannig er hægt að bjóða upp á “vímulaust, verndað umhverfi sem foreldrar geta treyst” og það sé að finna á fleiri stöðum en í félagsmiðstöðvum. Í umfjöllun og úttekt á barna- og æskulýðsstarfi þarf að taka tillit til hins fjölbreytta hóps sem starfar með börnum og unglíngum, þ.e. sjálfboðaliðar, fólk í aukastarfi, menntað og ómenntað starfsfólk o.fl. Mikilvægt er að stuðla að aukinni menntun þeirra, en það eitt myndi efla stórlega félagslegt forvarnarstarf. Í því efni er vert að benda á fyrirmynd frá Þýskalandi sem nefnist “Jugendgruppenleiterausweis”, en það er skírteini sem gefið er út samkvæmt fyrirmælum menntamálaráðuneytsins fyrir þá sem hafa lokið 40 stunda grunnskólaskóla fyrir leiðtoga. Þannig eru lágmarksgæði félagsstarfs tryggð frá þeirra hendi.

Athugasemdir við frumvarpið

Í frumvarpinu er hugtakið félagslegt forvarnarstarf notað, því til skýringar er talin upp starfsemi hjá ýmsum stofnunum og félagasamtökum. Nánari skýring á hugtakinu væri þörf. Væntanlega er átt við í frumvarpinu það starf sem félagasamtök, stofnanir og bæjaryfirvöld standa fyrir í tómsundum barna og unglínga.

Virðingarfyllst,

Stefán Már Gunnlaugsson,
fræðslufulltrúi Biskupsstofu

Alþingi
Erindi nr. P 128/59S
komudagur 9.12.2002



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Laugavegur 116, 150 Reykjavík
sími: 545 8700, bréfasími: 551 9165
postur@htr.stjr.is · www.heilbrigdisraduneyti.is

Reykjavík 4. desember 2002
Tilvísun: HTR02110198/0030/MS/-

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis dags. 25. nóvember 2002 ásamt meðfylgjandi tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs, 40. mál.

Í bréfi allsherjarnefndar er leitað umsagnar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins um áðurgreinda tillögu til þingsályktunar.

Ráðuneytið telur ekki tilefni til að gefa umsögn að svo stöddu þar sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra mun tjá sig um þingsályktunina í umræðum á Alþingi ef þurfa þykir.

F.h.r.

Ragnheiður Haraldsdóttir

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAM BAND ÍSLANDS

THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND


Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,

Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isisport.is, www.isisport.is

Alþingi

Erindi nr. P 128/694

komudagur 16.12.2002



Allsherjarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
Reykjavík 104

Reykjavík 16 desember 2002

v/ frumvarp til laga um gjald af áfengi og tóbaki, 41. mál,
forvarnarsjóður

v/ tillaga til þingsályktunar um eflingu forvarnarsarfs, 40. mál

Framkvæmdastjórn Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands hefur fengið ofangreind þingmál til umsagnar og er þeim svarað hér með einni umsögn, þar sem þau eru um skylt efni.

ÍSÍ getur fallist í meginatriðum á nauðsyn þess að skipuleggja og gera áætlanir um eflingu félagslegs forvarnarsarfs. Notkun ávana- og fíkniefna er mikill vágastur, sem samfélagið og stjórnvöld verða að sporna gegn af öllum mætti. Það viðnám verður ekki veitt, nema til þess fáist fé, og forvarnarsjóður er góðra gjalda verður.


Hinsvegar er það skoðun ÍSÍ, að fjármununum sé best varið og þeir komi að mestum notum, með beinum og milliðalausum framlögum til þeirrar félagslegu starfsemi, sem rekin er í landinu og er í eðli sínu forvarnir. Að því er íþróttastarfsemina varðar er hún ein samfelld forvörn með tilveru sinni og tilvist, athvarf æskunnar, og stuðlar að heilbrigðri tómstundaiðju og hreyfingu, sem er sterkasta og áhrifamesta andstæðan við óreglu hverskonar. Íþróttahreyfingin hefur aldrei fengið styrk úr forvarnasjóði (þrátt fyrir umsóknir) og meðan sú stefna ríkir hjá ábyrgðarmönnum þessa sjóðs, er auðvitað verið að sniðganga þá æskulýðsstarfsemi sem mest og best nýtist sem forvörn gegn notkun ávana og fíkniefna.

ÓLYMPIÚFJÖLSKYLDAN

Ef fjárveitingarvaldið felst á að taka hluta af innheimtu áfengisgjaldi og láta það renna til forvarnarmála, þykir undirrituðum f.h. framkv.stj. ÍSÍ eðlilegast og hreinlegast að láta það fé ganga beint til þeirrar starfsemi í landinu, íþróttastarfseminnar, sem hefur það að opinberu markmiði sínu að bægja æskufólki frá óreglu.

Framkvæmdastjórn ÍSÍ styður þingsályktunar tillöguna um gerða rammaáætlunar en lætur það liggja á milli hluta, hvort hluti af áfengisgjaldi verði látinn renna í forvarnarsjóð, meðan sá sjóður telur það ekki hlutverk sitt að láta fé af hendi rakna til íþróttahreyfingarinnar, þrátt fyrir að hún sé öflugustu og langstærstu félagslegu samtökin í landinu, sem vinna árið um kring að forvörnum.

ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS



Ellert B Schram
forseti ÍSÍ

Alþingi
Erindi nr. P 128/692
komudagur 18.12.2002



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 12. desember 2002

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um gjald af áfengi og tóbaki, 41. mál,
forvarnarsjóður og um tillögu til þingsályktunar um eflingu félagslegs
forvarnarstarfs, 40. mál.**

Læknafélag Íslands styður almennt forvarnarstarf en tekur ekki efnislega afstöðu til þeirrar leiðar sem bent er á í ofangreindu frumvarpi til laga og þingsályktunartillögu. Læknafélaginu er ekki ljóst, hvort viðeigandi sé eða líklegt til árangurs, að þeim fjármunum, sem tilgreindir eru í tillögunni, sé best varið til þeirra verkefna, sem tillagan tekur til.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður



Alþingi
Erindi nr. P 128/629
komudagur 11.12.2002

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 10. desember 2002
Tilvísun: UB 0212/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 40. mál.

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 25. nóvember 2002, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Með bréfi, dagsettu 10. janúar 2002, veitti ég félagsmálanefnd Alþingis umsögn um ofangreinda tillögu. Með vísan til fyrri umsagnar minnar tek ég heilshugar undir þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni og mæli með því að hún verði samþykkt.

Virðingarfyllst,



Þórhildur Línal



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Ljósrit

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2002
Tilvísun: UB 0201/4.1.1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnastarfs, 14. mál.

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dagsett 28. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreinda tillögu.

Efling *félagslegs* forvarnastarfs er að mínu mati ákaflega þarft og tímabært framtak. Forvarnarstarf á ekki að felast eingöngu í fræðslu og áróðri, heldur einnig í að sjá unga fólkinu fyrir afþreyingu í formi heilbrigðs og *uppbyggjandi* félagsstarfs. Í þessu sambandi vil ég leggja þunga áherslu á mikilvægi þess að vandað verði til *úttektar* á félagsstarfi hvers konar, þannig að góður grundvöllur skapist til að setja fram markvissar og haldbærar tillögur til eflingar þessum mikilvæga þætti í daglegu lífi barnanna okkar.

Í greinargerð með tillögunni eru taldir upp nokkrir aðilar, er koma að félagsstarfi barna og unglinga og er þar sérstaklega litið til félagsmiðstöðva, en reynslan sýnir að þangað leita börn og unglingar mikið til tólmstundaiðkunar. Þá vil ég taka undir það sem segir um mikilvægi þess að félagsstarfið sé fjölbreytt svo allir finni eitthvað við sitt hæfi, ekki síst unglingar á aldrinum 16-18 ára.



Ég tek heilshugar undir þær hugmyndir, sem fram koma í tillögunni og mæli með því að hún verði samþykkt.

Yfirðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, written in a cursive style. The signature reads "Þórhildur Lindal". The ink is slightly faded and has a textured appearance, suggesting it was scanned from a document.

Þórhildur Lindal

Þórhildur Lindal